



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinn þriðjudaginn 21.12.2015 kl. 17:15

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina. Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir boðaði forföll

Fundargerð

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 2. desember lögð fyrir og samþykkt.
2. Fjármál
 - Fjármálastjóri kynnti 11 mánaða uppgjör félagsins.
 - Rekstur félagsins lítur vel út og má þar fyrst og fremst þakka gengi mfl kk í knattspyrnu.
 - Umræða um innheimtu æfingagjalda
 - Fjármálatjóri kynnti hugmyndir um að innheimta æfingagjöld eingöngu með greiðsluseðlum og hætta að bjóða upp á greiðslur með greiðslukortum. Slík aðgerð mun spara félaginu amk 1,5 mkr á ári auk þess að sem utanumhald um innheimtu verður einfaldari með greiðsluseðlunum í gegnum iðkendakerfið Nóra.
 - Tillagan var samþykkt og lagt til að hefja slíkar aðgerðir strax á árinu 2016 en kynna þó vel innan félagsins.
 - Lagt til að þetta verði kynnt inn á félagsráðsfundi.
 - Umræða um breytingu á tekjufærslu æfingagjalda
 - Fjármálastjóri fór yfir hugmyndir að breytingum á tekjufærslu æfingagjalda og hvaða áhrif það mun hafa á rekstur félagsins.
 - Lagt var til að fjármálastjóri kynnti þetta ítarlega á næsta aðalstjórnarfundum og einnig á félagsráðsfundi.
 - 3. Handknattleiksdeild
 - Útgönguspá mfl kk og kvk var lögð fyrir.
 - Stefnir í örlítið tap á mfl kk og um 1,5 mkr tap mfl kvk.
 - Áréttað var að hluti af skýringu á tapi mfl kvk er launagreiðslur á árinu 2015 koma inn þrisvar á þessu ári, janúar 2015 fyrir haustið 2014, maí 2015 fyrir vor 2015 og desember 2015 fyrir haust 2015. Á árinu 2015 eru gerðar leiðréttingar á þessu og laun sem tilheyra 2015 greiðast á árinu 2015.
 - Bréf frá handknattleiksdeild var lagt fram
 - Aðalstjórn leggur áherslu á að rekstur deildarinnar verði í jafnvægi en skiptir sér ekki af einstaka rekstrarlegum málum.
 - 4. Körfuknattleiksdeild
 - Farið var yfir útgönguspá fyrir meistaraflokk kk og kvk fyrir árið 2015.
 - Það stefnir í tap á rekstri beggja eininga.



- Deildin hefur nú þegar tekið ákvarðarnir til að lækka kostnað og eru með í undirbúningi aðgerðaplan til að skila tímabilinu í jafnvægi.
 - Aðgerðaplanin verður kynnt á næsta aðalstjórnarfundum.
5. Bréf frá fimleikadeild Stjörnunnar vegna stofnun meistaraflokks.
- Aðalstjórn leggur áherslu á að náð verði utan um rekstur meistaraflokks kvenna áður en farið verður í að bæta fleiri hópum við. Mikilvægt er að skapa umgjörð við hæfi fyrir meistaraflokksstarfið t.d. með meistaraflokksráði sem ber ábyrgð á rekstri meistaraflokksins.
 - Afrekssjóðsmódelið horfir í grunnkostnað deildarinnar byggt á árinu áður. Nýr hópur eða deild sem stefnir á að fá úthlutun úr afrekssjóði þarf að vera starfrækt í amk eitt ár og fá samþykki aðalstjórnar fyrir því að bókhald deildarinnar/hópsins sé fært sérstaklega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30. Ritað J.Egils